

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
mánudagurinn 17. desember 2024, klukkan 17:00
Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Olgeir Olgeirsson (OO), Sigrún Agata (SA), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ingólfur Elíasson (IE), Arnar Sveinsson (AS) og Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var því fundargerðin frá 18. nóvember borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

HP kynnti hugmyndir sem komu frá Patirck Lamoureux um að gerast sendiherra IHI á alþjóðavettvangi. Stjórnarmenn vildu fá skýrari mynd af því hvað maðurinn hefur í huga og hvort að um einhverskonar skuldbindingu sé að ræða. Málið sett í nánari vinnslu.

GÍÞ vill taka fram vegna atkvæðagreiðslu sem fór fram á stjórnarfundi 18 nóvember síðastliðinn að hún hefði sagt já við því að máli SR gegn Orra Blöndal yrði vísað til aganefndar á grundvelli 19. greinar reglugerðar númer 8. Hefði verið til þess að styrkja íshokki sem söluvöru.

Stjórn tilnefndi Sunnu Björgvinsdóttur og Kára Arnarsson sem íshökkímenn og íshökkíkönur ársins.

Óskað var eftir því að tekið yrði saman hverjir hefðu hlotið útnefningar sem íshökkífólk ársins frá upphafi. Sú vinna er ekki hafin þegar þetta er skrifað en er á verkefnalista.

Fyrstu drög af grafík fyrir topp deildina í íshokki voru kynntar, almennt var gerður góður rómur að því sem komið var. Rædd voru í framhaldi streymismál og stefnt er að því að hefja útsendingar á Livey í byrjun febrúar og í kjölfarið yrði streymi lokað.

Önnur mál.

Lagt var fram bréf frá stjórn SA vegna upptöku á leikmannabekkjum. Samþykkt var að framkvæmdastjóri myndi ræða við viðkomandi og senda út bréf á félögin ef þurfa þykir þar sem bent skal á þær reglur sem gilda í íþróttinni og almennar reglur um persónuvernd.

Lagt var fram bréf frá stjórn Fjölnis vegna atvika sem áttu sér stað í leik SA og Fjölnis sem leikin var 12. Desember 2024. Framkvæmdastjóri skýrði frá því að þessi mál væru til skoðunar bæði hjá aganefnd og dómarnefnd sambandsins en yfirdómara var falið að meta frammistöðu aðaldómara leiksins.

Fleira ekki rætt of fundi slitið.